

Hagir og líðan ungs fólks á Fljótsdalshéraði


***Niðurstöður rannsókna meðal
nemenda í 8., 9. og 10. bekk á Fljótsdalshéraði
árið 2006***

Margrét Lilja Guðmundsdóttir

Álfgeir Logi Kristjánsson

Inga Dóra Sigfúsdóttir

Jón Sigfússon



RANNSÓKNIR & GREINING

Centre for Social Research and Analysis

Háskólanum í Reykjavík – Ofanleiti 2
103 Reykjavík, s: 599 6431

Hagir og líðan ungs fólks á Fljótsdalshéraði

Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk
á Fljótsdalshéraði árið 2006

© 2006 Rannsóknir & greining

***Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun,
hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis
Rannsókna & greiningar.***

Unnið samkvæmt samkomulagi
menntamálaráðuneytis, Fjarðabyggðar,
Fljótsdalshéraðs, Háskólans í Reykjavík og
Rannsóknna og greiningar

Efnisyfirlit

Yfirlit yfir myndir _____	6
Listi yfir töflur _____	11
Inngangsorð _____	12
Aðferð _____	13
Þátttakendur og framkvæmd _____	13
Framkvæmd _____	13
Neysla tóbaks, áfengis og annarra vímuefna _____	15
Tóbaksnotkun _____	15
Daglegar reykingar _____	17
Daglegar reykingar stráka og stelpna _____	19
Munn- og neftóbaksnotkun _____	21
Áfengisneysla _____	29
Ölvun síðastliðna 30 daga _____	30
Ölvun síðustu 30 daga _____	31
Ölvun stráka og stelpna _____	34
Neysla annarra vímuefna _____	39
Hassneysla _____	40
Neysla annarra ólöglegra vímuefna _____	42
Neysla annarra ólöglegra vímuefna _____	43
Félagslegir þættir _____	45
Samvera foreldra og unglunga _____	47
Eftirlit og stuðningur foreldra _____	50
Útivistartími _____	53
Nám og skóli _____	56
Mikilvægi náms _____	58
Líðan í skóla _____	59
Samskipti við kennara _____	60
Samskipti við kennara _____	60
Íþrótt- og tómstundaiðkun _____	62
Íþróttaiðkun með íþróttafélagi _____	64

Viðhorf til nýbúa _____	66
Of margir nýbúar eru búsettir hér á landi? _____	67
Áhrif menningar nýbúa á íslenskt samfélag _____	67
Réttindi nýbúa _____	68
Viðhorf til heimabyggðar og framtíðarhorfur _____	69
Viðhorf til heimabyggðar _____	70
Öryggiskennd _____	72
Heimildir _____	74
Viðauki _____	76
Viðhorf til nýbúa _____	77
Umhyggja og hlýja frá foreldrum _____	79

Yfirlit yfir myndir

Mynd 1.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem reykja daglega, árin 1997-2006.	17
Mynd 2.	Hlutfall nemenda í 9. bekk sem reykja daglega, árin 2000-2006.	17
Mynd 3.	Hlutfall nemenda í 8. bekk sem reykja daglega, árin 2001-2006.	18
Mynd 4.	Hlutfall stráka í 10. bekk sem reykja daglega, árin 1997 til 2006.	19
Mynd 5.	Hlutfall stelpna í 10. bekk sem reykja daglega, árin 1997 til 2006.	19
Mynd 6.	Hlutfall stráka 9. bekk sem reykja daglega, árin 2003 til 2006.	20
Mynd 7.	Hlutfall stelpna 9. bekk sem reykja daglega, árin 2003 til 2006.	20
Mynd 8.	Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem hafa notað munntóbak 20 sinnum eða oftar um ævina, árið 2006.....	23
Mynd 9.	Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem hafa notað neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina, árið 2006.	23
Mynd 10.	Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	24
Mynd 11.	Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	24
Mynd 12.	Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk sem hafa notað munntóbak 3 sinnum eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	25
Mynd 13.	Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk sem hafa notað neftóbak 3 sinnum eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	25
Mynd 14.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	26
Mynd 15.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	26
Mynd 16.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk sem hafa notað munntóbak 3 sinnum eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	27
Mynd 17.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk sem hafa notað neftóbak 3 sinnum eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	27
Mynd 18.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	28
Mynd 19.	Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.	28

Mynd 20.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa orðið ölvaðir einhvern tíma um ævina, árin 1997 – 2006.....	29
Mynd 21.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 1997-2006.....	31
Mynd 22.	Hlutfall nemenda í 9. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2001-2006.....	31
Mynd 23.	Hlutfall nemenda í 8. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2001-2006.....	32
Mynd 24.	Hlutfall stráka í 10. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2003 til 2006.....	36
Mynd 25.	Hlutfall stelpna í 10. bekk sem hafa orðið ölvaðar einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2003 til 2006.....	36
Mynd 26.	Hlutfall stráka í 9. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2003 til 2006.....	37
Mynd 27.	Hlutfall stelpna í 9. bekk sem hafa orðið ölvaðar einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2003 til 2006.....	37
Mynd 28.	Hlutfall stráka í 8. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.....	38
Mynd 29.	Hlutfall stelpna í 8. bekk sem hafa orðið ölvaðar einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.....	38
Mynd 30.	Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem hafa einhvern tíma um ævina notað hass, árið 2006.....	40
Mynd 31.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina, árin 1997-2006.....	40
Mynd 32.	Hlutfall nemenda í 9. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina, árin 2000 til 2006.....	41
Mynd 33.	Hlutfall nemenda í 8. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftár um ævina, árin 2005 og 2006.....	41
Mynd 34.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oftár um ævina, árin 2005 og 2006.....	43
Mynd 35.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað sniff (t.d. lím) einu sinni eða oftár um ævina, árin 2005 og 2006.....	43

Mynd 36.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað sveppi (sem vímuefni) einu sinni eða oftar um ævina, árin 2004 til 2006.	44
Mynd 37.	Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað E-töflu einu sinni eða oftar um ævina, árin 2004 til 2006.	44
Mynd 38.	Þróun vímuefnaneyslu unglunga í 10. bekk á Íslandi árin 1997 til 2006. ..	46
Mynd 39.	Hlutfall nemenda í 10. bekk á Íslandi sem reykja ekki eða minna en eina sígarettu á dag, hafa ekki orðið ölvuð sl. 30 daga og hafa aldrei notað hass, árin 1997 til 2006.	46
Mynd 40.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum 2003 og 2006.	49
Mynd 41.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum utan skólatíma um helgar, 2003 og 2006.	49
Mynd 42.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldra þeirra setji ákveðnar reglur um hvað þau megi gera utan heimilis, árið 2006.	51
Mynd 43.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þau eru á kvöldin, árið 2006.	51
Mynd 44.	Hlutfall nemenda stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra viti hvar þau séu á kvöldin, árið 2006.	52
Mynd 45.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast hafa verið úti eftir klukkan tíu að kvöldi, einu sinni eða oftar sl. 7 daga 2003 og 2006.	54
Mynd 46.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast hafa verið úti eftir klukkan tíu að kvöldi, þrisvar sinnum eða oftar sl. 7 daga 2003 og 2006.	54
Mynd 47.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast hafa farið út og komið heim eftir miðnætti, einu sinni eða oftar sl. 7 daga, árin 2003 og 2006.	55
Mynd 48.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um þau að finnast námið tilgangslaust, árin 2003 og 2006.	58
Mynd 49.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um sig að líða illa í skólanum, árin 2003 og 2006.	59

Mynd 50.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um sig að langa til að hætta í skólanum, árin 2003 og 2006.	59
Mynd 51.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um sig að semja illa við kennarana, árin 2003 og 2006.....	60
Mynd 52.	Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem ætla í framhaldsskóla (mennta- fjölbrautar, iðn- eða verknám) að loknu núverandi námi, árið 2006.	60
Mynd 53.	Hversu líklegt finnst þér að þú farir í nám á háskólastigi? – Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk, árið 2006.....	61
Mynd 54.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segjast stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi 1 sinni til 3 sinnum í viku, árin 2003 og 2006.	64
Mynd 55.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segjast stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi 4 sinnum í viku eða oftari, árin 2003 og 2006.	64
Mynd 56.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2006 sem segjast taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi vikulega eða oftari.	65
Mynd 57.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Fljótsdalshéraði eftir því hve sammála þau eru því að of margir nýbúar séu búsettir hér á landi, árin 2003 og 2006.	67
Mynd 58.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Fljótsdalshéraði eftir því hve sammála þau eru því að sú menning sem fylgi nýbúum hafi jákvæð áhrif á íslenskt samfélag, árin 2003 og 2006.....	67
Mynd 59.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Fljótsdalshéraði eftir því hve sammála þau eru því að nýbúar eigi að hafa sömu réttindi og aðrir Íslendingar, árin 2003 og 2006.....	68
Mynd 60.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem eru mjög eða frekar sammála því að það sé mikið og gott félagslíf í þeirra sveitarfélagi, árið 2006.	70
Mynd 61.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem eru mjög eða frekar sammála því að það sé mjög gott að búa í þeirra sveitarfélagi, árið 2006.	70

Mynd 62.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem eru mjög eða frekar sammála því að í framtíðinni vilji þau búa áfram í því sveitarfélagi sem þau búa í nú, árið 2006.	71
Mynd 63.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem telja sig mjög eða frekar örugga þegar þau eru ein að gangi um kvöld í nágrenni við heimili sitt, árið 2006.	73
Mynd 64.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem telja sig mjög eða frekar örugga ef þau eru ein að gangi um kvöld um helgi í miðborg Reykjavíkur, árið 2006.	73
Mynd 65.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Fljótsdalshéraði og landinu í heild, eftir því hve sammála þau eru því að of margir nýbúar séu búsettir hér á landi, árið 2006.	77
Mynd 66.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Fljótsdalshéraði og á landinu í heild, eftir því hve sammála þau eru því að sú menning sem fylgi nýbúum hafi jákvæð áhrif á íslenskt samfélag, árið 2006.	77
Mynd 67.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Fljótsdalshéraði og á landi í heild, eftir því hve sammála þau eru því að nýbúar eigi að hafa sömu réttindi og aðrir Íslendingar, árið 2006.	78
Mynd 68.	Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Fljótsdalshéraði og landinu í heild, eftir því hversu auðvelt eða erfitt þau eiga með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum, árið 2006.	79

Listi yfir töflur

- Tafla 1.** Fjöldi þátttakenda í 8., 9. og 10. bekk á Fljótsdalshéraði. 14
- Tafla 2.** Hlutfall nemenda í 10. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs, árin 2005 og 2006 sem hafa drukkið áfengi (stundum eða oft) á tilteknum stöðum..... 33

Inngangsorð

Frá sjónarmiði lýðheilsu og forvarnarstarfs er mikilvægt að hafa nánar gætur á þróun vímuefnaneyslu meðal ungs fólks og leitast við að bera kennsl á stöðu þeirra félagslegu þátta sem geta skýrt eða spáð fyrir um slík vandamál. Slíkar upplýsingar eru sérstaklega mikilvægar þegar setja á fram forvarnarstefnu gegn neyslu vímuefna. Til þess að unnt sé að móta stefnu sem á að bera árangur, þarf að byggja á traustum upplýsingum um hvernig staðan er í viðkomandi málaflokkum. Íslenskar og erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að vímuefnaneysla er nátengd félagslegu umhverfi og öðrum þáttum í lífi ungs fólks. Þannig spá þættir á borð við stuðning og eftirlit foreldra, tómstunda- og íþróttaiðkun og samskipti við jafningjahópinn að nokkru fyrir um vímuefnaneyslu meðal unglunga. Það er því brýnt að huga ekki eingöngu að því hvernig neyslu vímuefna er háttað, heldur einnig að stöðu þeirra þátta sem leitt hefur verið í ljós að tengjast henni sterkt.

Í þessari skýrslu er athygli beint að högum og líðan nemenda í 8., 9. og 10. bekk á Fljótsdalshéraði. Horft er til neyslu ungmenna á tóbaki, áfengi og ólöglegum vímuefnum og þær niðurstöður bornar saman við ungmenni sem búa utan bæjarfélagsins. Markmiðið er að kanna hversu algeng vímuefnaneysla er meðal þessa aldurshóps. Þá er greint frá niðurstöðum er snerta félagslegt umhverfi ungmenna á Fljótsdalshéraði og samanburður gerður við ungmenni annars staðar af landinu.

Niðurstöður í skýrslunni eru settar fram fyrir Fljótsdalshérað, en einnig er stillt upp samanburði við höfuðborgarsvæðið og landið í heild. Samanburðurinn er fram settur í þeim tilgangi að varpa betur ljósi á stöðu hvers einstaks sveitarfélags og læra af honum. Vissulega væri unnt að birta tölur fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig, án samanburðar við önnur sveitarfélög eða landið í heild. Þeir sem bera ábyrgð á ungmenum hvers sveitarfélags gætu þá lagt mat á niðurstöðurnar og túlkað í ljósi stefnu sinnar um stöðu í tilteknum málaflokkum. Með því að bera stöðuna saman við önnur sveitarfélög er auðveldara að átta sig á því hvaða þættir í félagslegu umhverfi ungmenna á hverjum stað þarfnast nánari skoðunar og ef til vill aðgerða.

Aðferð

Þátttakendur og framkvæmd

Gögnin sem þessi skýrsla byggir á eru fengin úr viðamiklum könnunum Rannsókna & greiningar sem lagðar hafa verið fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla á Íslandi á árunum 1997 - 2006. Í ár eru þátttakendur nemendur í 8., 9. og 10. bekk nær allra grunnskóla á Íslandi. Hér er því ekki um hefðbundnar úrtakskannanir að ræða heldur hafa þær verið lagðar fyrir allt þýðið. Kannanirnar hafa verið misjafnlega umfangsmiklar eftir árum. Í sumum tilvikum takmarkast þær við spurningar um vímuefnaneyslu unglunga en í öðrum er jafnframt spurt um tengsl við fjölskyldu og vini, líðan, aðstæður í skóla, íþrótt- og tómstundaiðkun og ýmsa aðra félagslega þætti. Árið 2006 var spurt um vímuefnanotkun ásamt fyrrgreindum félagslegum þáttum.

Framkvæmd

Framkvæmd rannsóknanna er þannig háttað að spurningalistar eru sendir í alla skóla á landinu þar sem kennarar sjá um að leggja þá fyrir. Allir nemendur sem sitja í kennslustundum þann dag sem kannanirnar fara fram svara spurningalistanum. Með hverjum spurningalista fylgir ómerkt umslag sem nemendur setja listann í að útfyllingu lokinni. Ítrekað er fyrir þátttakendum að rita hvorki nafn né kennitölu á spurningalistana svo útilokað sé að rekja svörin til einstakra nemenda. Jafnframt eru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þeir þurfa á að halda. Úr rannsókninni vorið 2006 fengust gild svör frá 7.430 nemendum í 9. og 10. bekk á landinu í heild eða rúmum 80% af öllum nemendum í þeim bekkjardeildum. Hvað 8. bekk varðar þá fengust svör frá 3.059 nemendum á landinu í heild og samsvarar það 66% allra áttundubekkinga á landinu.

Vert er að hafa í huga þegar niðurstöður fyrir nemendur á Fljótsdalshéraði eru bornar saman við aðra hópa, að sveiflur milli ára gætu virst meiri í sveitarfélaginu en sambærilegar sveiflur á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild sökum þess að fjöldi nemenda er þar mun meiri.

Í töflu 1 má sjá fjölda þátttakenda á Fljótsdalshéraði fyrir árið 2006, greint eftir bekkjum. Árið 2006 var heildarsvarhlutfall nemenda á Fljótsdalshéraði 91,7%. Svarhlutfallið var 86,7% í 10. bekk, 91,5% í 9. bekk og 97,8% í 8. bekk.

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda í 8., 9. og 10. bekk á Fljótsdalshéraði.

	<u>2004¹</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>
8. bekkur	*	39	44
9. bekkur	47	42	43
10. bekkur	44	44	39
Bekkur óskilgreindur	9	-	-
Alls:	100	125	126

¹ Árið 2004 var könnunin ekki lögð fyrir nemendur í 8. bekk.

Neysla tóbaks, áfengis og annarra vímuefna

Tóbaksnotkun

Á mynd 1 má sjá hlutfall þeirra nemenda í 10. bekk sem reykja daglega, greint eftir búsetu nemenda. Árið 2006 sýndu niðurstöður að um 5% nemenda í 10. bekk grunnskólum Fljótshálsa reykta daglega, miðað við 13% nemenda á höfuðborgarsvæðinu og 12% á landsvísu (mynd 1). Hvað Fljótshálsa snertir þá lækkar hlutfallið lítið eitt milli ára þar sem um 7% tíundubekkinga svöruðu því til árin 2004 og 2005. Hvað nemendur í 9. bekk varðar sýna niðurstöður (mynd 2) að svipað hlutfall níundubekkinga á Fljótshálsa reykta daglega árið 2006 í samanburði við nemendur á höfuðborgarsvæðinu og á landsvísu. Nú árið 2006 segjast um 7% þeirra reykja daglega sem er litlu hærra hlutfall en kemur fram meðal níundubekkinga á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild þar sem um 6% níundubekkinga segist reykja daglega. Ef þróun daglegra reykinga er skoðuð yfir tímabilið 2004 til 2006 má sjá að hlutfallið hefur hækkað frá árinu 2004 þegar daglegar reykingar mældust ekki meðal níundubekkinga á Fljótshálsa.


Hlutfall nemenda í 8. bekk á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild hefur haldist svipað á því tímabili sem hér er skoðað, 2001 til 2006 (sjá mynd 3). Þannig segjast um 3% nemenda á höfuðborgarsvæðinu og á landsvísu reykja daglega nú í ár. Árið 2006 mældust daglegar reykingar ekki meðal áttundubekkinga á Fljótshálsa líkt og niðurstöður sýndu árið 2005.

Ef daglegar reykingar nemenda í 10. bekk eru greindar eftir kyni má (myndir 4 og 5) greina nokkrar sveiflur milli ára. Niðurstöður fyrir árið 2006 sýna að um 9% stráka sögðust reykja daglega það ár á meðan daglegar reykingar mælast ekki meðal stelpna í 10. bekk grunnskólum Fljótshálsa. Hlutfallið er jafnframt lægra meðal nemenda á Fljótshálsa í samanburði við höfuðborgarsvæðið og landið í heild bæði hvað varðar stelpur og stráka. Ef lítið er á niðurstöður fyrir árin 2004 til 2006 má sjá að árin 2004 og 2005 sögðust um 11% stráka í 10. bekk á Fljótshálsa reykja. Hlutfallið fer svo eins og áður segir niður í 9% árið 2006. Annað mynstur kemur aftur á móti fram þegar niðurstöður eru skoðaðar fyrir stelpur á Fljótshálsa. Árið 2004 sögðust


um 4% þeirra reykja daglega en árin 2005 og 2006 mælast daglegar reykingar ekki meðal stelpna í 10. bekk í grunnskólum á Fljótsdalshéraði.

Þegar niðurstöður fyrir 9. bekk eru greindar eftir kyni, kemur fram að árið 2006 mældust daglegar reykingar ekki meðal stráka í 9. bekk á Fljótsdalshéraði á meðan slíkt átti við um 14% stelpna. Hvaða stelpurnar á Fljótsdalshéraði varðar þá er um að ræða mikla sveiflu milli ára, þar sem daglegar reykingar mældust hvorki árið 2004 né 2005. Árið 2004 mældust daglegar reykingar ekki meðal stráka í 9. bekk grunnskólum á Fljótsdalshéraði, ári síðar var hlutfallið 4% og árið 2006 sagðist enginn strákur í 9. bekk á Fljótsdalshéraði reykja daglega.


Daglegar reykingar



Mynd 1. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem reykja daglega, árin 1997-2006.




Mynd 2. Hlutfall nemenda í 9. bekk sem reykja daglega, árin 2000-2006.




Mynd 3. Hlutfall nemenda í 8. bekk sem reykja daglega, árin 2001-2006.


Daglegar reykingar stráka og stelpna




Mynd 4. Hlutfall stráka í 10. bekk sem reykja daglega, árin 1997 til 2006.



Mynd 5. Hlutfall stelpna í 10. bekk sem reykja daglega, árin 1997 til 2006.



Mynd 6. Hlutfall stráka 9. bekk sem reykja daglega, árin 2003 til 2006.



Mynd 7. Hlutfall stelpna 9. bekk sem reykja daglega, árin 2003 til 2006.

Munn- og neftóbaksnotkun

Ef litið er til þess hversu tíð munn- og neftóbaksnotkun er meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk grunnskólum Fljótshálsa á hafði árið 2006 enginn nemandi í 8. og 9. bekk notað munn- eða neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina árið 2006 (myndir 8 og 9). Þegar niðurstöður er skoðaðar fyrir 10. bekk árið 2006 má sjá að um 3% tíundubekkinga á Fljótshálsa höfðu notað munntóbak 20 sinnum eða oftar um ævina og um 10% þeirra hafði notað neftóbak sem því nemur. Í samanburði við nemendur á öðrum svæðum þá er hlutfall nemenda á Fljótshálsa svipað og meðal nemenda á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild.

Nemendur voru einnig spurðir að því hversu oft þeir hefðu notað munn- og neftóbak síðastliðna 30 daga fyrir könnun. Á myndum 10 til 13 má sjá niðurstöður fyrir nemendur í 10. bekk árin 2005 og 2006, greindar eftir kyni. Þar má sjá að á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild eru strákar líklegri en stelpur, til að hafa notað munn- og neftóbak síðastliðna 30 daga.

Hvað varðar stráka í 10. bekk grunnskólum Fljótshálsa, þá höfðu um 5% þeirra notað munntóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga sem er töluvert lægra hlutfall en kom fram meðal stráka á höfuðborgarsvæðinu (13%) og á landsvísu (14%). Sama ár hafði engin stelpa í 10. bekk grunnskólum Fljótshálsa notað munntóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, en um 1-2% stelpna á öðrum svæðum svöruðu því til. Ef litið er til tíðari neyslu munntóbaks (mynd 12) má sjá að enginn nemandi í 10. bekk grunnskólum Fljótshálsa hafði notað munntóbak 3 sinnum eða oftar síðastliðna 30 daga, á meðan slíkt átti við um 8% stráka í samanburðarhópunum.


Neftóbaksnotkun er tíðari meðal nemenda en neysla munntóbaks. Ef litið er til neyslu á neftóbaki einu sinni eða oftar um ævina má sjá (mynd 11) að stelpur í 10. bekk grunnskólum Fljótshálsa eru líklegri til að hafa notað neftóbak einu sinni eða oftar um síðastliðna 30 daga. Þannig sögðust um 18% stráka og 20% stelpna í sveitarfélaginu árið 2006 að þau hefðu notað neftóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga. Hvaða stráka í Fljótshálsa varðar þá er um að ræða svipað hlutfall og niðurstöður sýndu árið 2005 en um hlutfallslega

aukningu er að ræða þegar litið er á niðurstöður fyrir stelpurnar. Stelpur í 10. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs eru jafnframt hlutfallslega líklegri til að hafa notað neftóbak einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga í samanburði við stelpur í samanburðarhópunum. Ef litið er til tíðari neyslu á neftóbaki má sjá (mynd 13) að hlutfallið meðal stráka í 10. bekk er mjög svipað óháð búsetu. Stelpur í 10. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs eru aftur á móti líklegri en stelpur á öðrum svæðum til að hafa notað neftóbak 3 sinnum eða oftár síðastliðna 30 daga.


Þegar niðurstöður fyrir 9. bekk eru skoðaðar má sjá (myndir 14 til 17) að munntóbaksnotkun síðastliðna 30 daga mælist ekki meðal nemenda í 9. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs árið 2006. Að sama skapi segist enginn strákur í 9. bekk í sveitarfélaginu hafa notað neftóbak síðastliðna 30 daga, á meðan slíkt á við um 5% stelpna. Engin stelpa í 9. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs segist þó hafa notað neftóbak 3 sinnum eða oftár síðastliðna 30 daga.

Þegar niðurstöður varðandi munn- og neftóbaksnotkun síðastliðna 30 daga meðal nemenda í 8. bekk eru skoðaðar sérstaklega (myndir 18 og 19) má sjá að árið 2006 mældist neysla á munntóbak einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, ekki meðal nemenda á Fljótsdalshéraði. Þá mælist neysla á neftóbaki einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga ekki meðal stelpna á Fljótsdalshéraði á meðan um 4% stráka svara því til. Ef niðurstöður er bornar saman við árið 2005 má sjá að það ár mældist neysla á munn- og neftóbaki ekki meðal nemenda í 8. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs, hvort sem litið er til stráka eða stelpna.

Neysla á munn- og neftóbaki




Mynd 8. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem hafa notað munntóbak 20 sinnum eða oftar um ævina, árið 2006.




Mynd 9. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem hafa notað neftóbak 20 sinnum eða oftar um ævina, árið 2006.


10. bekkur




Mynd 10. Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.



Mynd 11. Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.




Mynd 12. Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk sem hafa notað munntóbak 3 sinnum eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.




Mynd 13. Hlutfall stráka og stelpna í 10. bekk sem hafa notað neftóbak 3 sinnum eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.


9. bekkur




Mynd 14. Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.



Mynd 15. Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.




Mynd 16. Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk sem hafa notað munntóbak 3 sinnum eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.




Mynd 17. Hlutfall stráka og stelpna í 9. bekk sem hafa notað neftóbak 3 sinnum eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.

8. bekkur




Mynd 18. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem hafa notað munntóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.



Mynd 19. Hlutfall stráka og stelpna í 8. bekk sem hafa notað neftóbak einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.

Áfengisneysla

Ef litið er til þess hvort nemendur í 10. bekk hafi orðið ölvaðir einhvern tíma um ævina má sjá að slíkt á við um 45% tíundubekkinga á landinu í heild. Hvað tíundubekkinga á Fljótsdalshéraði varðar þá var hlutfall þeirra sem höfðu orðið ölvaðir einu sinni eða oftar um ævina 39% árið 2006 (mynd 20). Hlutfallið þar er þannig lægra en meðal nemenda í samanburðarhópunum og stendur það í stað milli árána 2005 og 2006. Árið 2004 var hlutfallið hæst meðal tíundubekkinga á Fljótsdalshéraði, eða 51%.



Mynd 20. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa orðið ölvaðir einhvern tíma um ævina, árin 1997 – 2006.


Ölvun síðastliðna 30 daga

Ef litið er til þess hversu algengt það er að nemendur hafi orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, má sjá (mynd 21) að árið 2006 átti það við um 31% tíundubekkinga á Fljótsdalshéraði. Það er jafnframt hærra hlutfall en kemur fram meðal tíundubekkinga á höfuðborgarsvæðinu (26%) og á landinu í heild (25%). Niðurstöðurnar sýna einnig að um töluverða hækkun er að ræða frá árinu 2005 þegar um 18% tíundubekkinga á Fljótsdalshéraði sagðist hafa orðið drukkinn einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga.


Ef niðurstöður eru skoðaðar fyrir 9. bekk í þessu sambandi má sjá að hlutfallið hefur verið lægra meðal nemenda á Fljótsdalshéraði miðað við nemendur á öðrum svæðum. Árið 2006 sögðust um 7% níundubekkinga á Fljótsdalshéraði hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga (mynd 22) á meðan slíkt átti við um 12% nemenda í samanburðarhópunum. Þó hlutfallið sé lægst meðal nemenda í 9. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs þá er þetta hlutfallsleg hækkun á milli áráanna 2005 og 2006, en sömu niðurstöður og komu fram árið 2004.

Ef litið er til niðurstaðna fyrir nemendur í 8. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs má sjá (mynd 23) að ölvun einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga mælist ekki meðal nemenda þar. Á meðan um 6% áttundubekkinga á höfuðborgarsvæðinu og 5% á landinu í heild segjast hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga.


Ölvun síðustu 30 daga



Mynd 21. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 1997-2006.



Mynd 22. Hlutfall nemenda í 9. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2001-2006.



Mynd 23. Hlutfall nemenda í 8. bekk sem hafa orðið ölváðir einu sinni eða oftari síðastliðna 30 daga, árin 2001-2006.

Nemendur voru spurðir hvort og þá hvar þeir hefðu drukkið áfengi. Gefnir voru upp níu tilteknir staðir ásamt svarmöguleikanum – annars staðar. Í töflu 2 má sjá niðurstöður nemenda í 10. bekk, sem sögðust hafa drukkið áfengi *stundum eða oft* á þessum tilteknu stöðum fyrir árin 2005 og 2006. Algengast er að nemendur drekki áfengi *heima hjá öðrum* og á það við um bæði árin og öll landsvæði. Þá vekur sérstaka athygli hversu hátt hlutfall nemenda í 10. bekk á Fljótsdalshéraði segist hafa drukkið áfengi *annars staðar úti við* (28%) sem og *á framhaldsskólaballi* (28%).

Tafla 2. Hlutfall nemenda í 10. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs, árin 2005 og 2006 sem hafa drukkið áfengi (stundum eða oft) á tilteknum stöðum.

Staður:	2005 (%)			2006 (%)		
	Fljótsdalshérað	Höfuðb.sv.	Landið	Fljótsdalshérað	Höfuðb.sv.	Landið
Heima hjá mér:	9	7	6	10	7	8
Heima hjá öðrum:	16	28	28	33	34	34
Í bænum:	21	13	16	18	17	20
Annars staðar úti við:	19	17	19	28	21	23
Á skemmtistað eða pöbb:	7	6	7	13	8	9
Á grunnskólaballi:	2	2	2	3	3	2
Á framhaldsskólaballi:	19	4	6	28	4	6
Í félagsmiðstöð:	2	1	1	0	1	1
Í æfinga- eða keppnisferðum	-	-	-	0	2	2

Ölvun stráka og stelpna

10. bekkur

Ef skoðað er sérstaklega hvernig hlutfall stráka og stelpna skiptist eftir því hvort þau hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga má sjá að ölvun meðal stráka í 10. bekk grunnskólum Fljótsdalshérað er hlutfallslega svipuð og kemur fram meðal stráka í samanburðarhópnum. Þannig sögðust um 26% stráka í Fjarðabyggð árið 2006 að þeir hafi orðið ölvaðir síðastliðna 30 daga, á meðan slíkt átti við um 24% stráka á höfuðborgarsvæðinu og 23% á landinu í heild. Niðurstöðurnar sýna einnig að um töluverða hækkun er um að ræða á milli ára hvað strákana varðar. Árið 2005 svöruðu um 15% stráka á Fljótsdalshéraði því til að þeir hefðu orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga og árið 2004 átti það við 21% þeirra.

Þegar niðurstöður eru skoðaðar fyrir stelpurnar (mynd 25) kemur fram önnur mynd, þannig má sjá að hlutfall stelpna í Fjarðabyggð sem hafa orðið ölvaðar einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga er töluvert lægra þar en meðal stelpna í samanburðarhópnum. Þannig segjast um 38% stelpna í 10. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs að þær hafi orðið ölvaðar einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga miðað við 28% stelpna á höfuðborgarsvæðinu og 26% stelpna á landinu í heild. Hér vekur athygli hversu mikið hlutfallið hækkar milli árána 2005 og 2006 meðal stelpna í 10. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs, en árið 2005 svöruðu 24% stelpna á þennan hátt. Þó er vert að benda á að árið 2005 sem og árið 2006 er hlutfall stelpna sem hafa orðið ölvaðar einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga mun lægra en niðurstöður sýndu árið 2004 þegar slíkt átti við um 48% stúlkna í 9. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs.


9. bekkur

Árið 2006 höfðu 15% stelpna á Fljótsdalshéraði orðið ölvaðar einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, á meðan enginn strákur svaraði því til það ár (sjá myndir 26 og 27). Hér vekur sérstaka athygli hversu mikið hlutfall stelpna í 9. bekk á Fljótsdalshéraði hefur hækkað milli ára, en árið 2005 mældist ölvun síðastliðna 30 daga ekki meðal stelpna þar á meðan 12% stelpna á höfuðborgarsvæðinu og á landsvísu svöruðu því til. Hlutfall stráka í 9. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár


síðastliðna 30 daga hefur verið síðustu þrjú ár, töluvert lægra en niðurstöður sýna fyrir stráka í samanburðarhópunum. Þannig svöruðu um 4% því til árin 2004 og 2005 á meðan hlutfallið var á bilinu 11-12% hjá strákum á höfuðborgarsvæðinu og landinu í heild.

8. bekkur


Þegar niðurstöður eru skoðaðar fyrir nemendur í 8. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs árin 2005 og 2006, má sjá að ölvun síðastliðna 30 daga mælist ekki meðal þeirra (myndir 28 og 29). Ef litið er til nemenda í samanburðarhópunum á slíkt á við 5-6% þeirra árið 2006.




Mynd 24. Hlutfall stráka í 10. bekk sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2003 til 2006




Mynd 25. Hlutfall stelpna í 10. bekk sem hafa orðið ölvaðar einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2003 til 2006.




Mynd 26. Hlutfall stráka í 9. bekk sem hafa orðið ölváðir einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2003 til 2006.



Mynd 27. Hlutfall stelpna í 9. bekk sem hafa orðið ölváðar einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2003 til 2006.



Mynd 28. Hlutfall stráka í 8. bekk sem hafa orðið ölváðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.



Mynd 29. Hlutfall stelpna í 8. bekk sem hafa orðið ölváðar einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2005 og 2006.

Neysla annarra vímuefna


Árið 2006 höfðu 4% nemenda í 9. bekk og 8% nemenda í 10. bekk grunnskólum Fljótshálsa notað hass einu sinni eða oft um ævina (mynd 30). Á meðan slík neysla mældist ekki meðal áttundubekkinga þar. Ef litið er til samanburðarhópanna þá er hassneysla svipuð að undanskildum niðurstöðum fyrir áttundubekkinga, þar sem á bilinu 2-3% nemenda í samanburðarhópnum segist hafa notað hass einu sinni eða oft um ævina.

Þegar niðurstöður eru skoðaðar yfir lengri tíma fyrir nemendur í 10. bekk má sjá að hlutfallið helst svipað milli ára 2005 og 2006 hvað tíundubekkinga á Fljótshálsa varðar, en milli ára 2004 og 2005 hækkaði hlutfallið aftur á móti nokkuð. Þar sem um 2% tíundubekkinga svöruðu því til árið 2004 en ári síðar var hlutfallið komið upp í 9%.


Hvað nemendur í 9. bekk varðar helst hlutfallið svipað milli ára. Þannig sögðust árið 2004 um 4% níundubekkinga hafa notað hass einu sinni eða oft um ævina, árið 2005 var hlutfallið 2% og fór svo aftur upp í 4% árið 2006. Það er jafnframt mjög svipað og kemur fram meðal nemenda á höfuðborgarsvæðinu (5%) og á landsvísu (4%) (mynd 32).

Ef litið er til niðurstaðna fyrir áttundubekkinga má sjá (mynd 33) að árin 2005 og 2006 mældist slík neysla ekki meðal nemenda á Fljótshálsa. Ef litið er til nemenda í samanburðarhópnum sýna niðurstöður að hlutfallið er á bilinu 2-3%.


Hassneysla




Mynd 30. Hlutfall nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem hafa einhvern tíma um ævina notað hass, árið 2006.



Mynd 31. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, árin 1997-2006.



Mynd 32. Hlutfall nemenda í 9. bekk sem hafa notað einu sinni eða oftar um ævina, árin 2000 til 2006.



Mynd 33. Hlutfall nemenda í 8. bekk sem hafa notað einu sinni eða oftar um ævina, árin 2005 og 2006.

Neysla annarra ólöglegra vímuefna


Hvað varðar neyslu annarra ólöglegra vímuefna eru niðurstöður greindar fyrir nemendur í 10. bekk. Á mynd 34 má sjá hlutfall þeirra nemenda sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oftar um ævina árin 2005 og 2006. Þar má sjá að árið 2006 mældist slík neysla 3% meðal tíundubekkinga á Fljótsdalshéraði á meðan slíkt á við um 5% nemenda á höfuðborgarsvæðinu og 4% á landsvísu. Myndin sýnir jafnframt að litlar breytingar koma hér fram á milli ára.

Ef litið er til þess hvort nemendur í 10. bekk hafi notað sniff einu sinni eða oftar um ævina má sjá (mynd 35) að árið 2006 mældist slík neysla 3% meðal tíundubekkinga á Fljótsdalshéraði, á meðan slíkt átti við um 7% nemenda þar árið 2005. Myndin sýnir einnig að dregið hefur úr sniffi meðal nemenda í samanburðarhópunum, en árið 2005 var hlutfallið þar 6-7% en er nú á bilinu 2-3%.


Ef litið er til þessu hversu hátt hlutfall nemenda hefur notað sveppi sem vímuefni (mynd 36) má sjá að slík neysla mælist ekki meðal tíundubekkinga á Fljótsdalshéraði árið 2006, á meðan það á við um 1% nemenda á höfuðborgarsvæðinu og 2% á landsvísu.

Litlar breytingar hafa átt sér stað þegar neysla á E-töflu er skoðuð en hlutfallið hélst svipað milli áranna 2005 og 2006 (mynd 37). Ef niðurstöður er skoðaðar fyrir tíundubekkinga á Fljótsdalshéraði má sjá að slík neysla mælist ekki meðal nemenda þar árið 2005, á meðan hlutfallið er 2% í samanburðarhópunum.


Neysla annarra ólöglegra vímuefna




Mynd 34. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oftar um ævina, árin 2005 og 2006.



Mynd 35. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað sniff (t.d. lím) einu sinni eða oftar um ævina, árin 2005 og 2006.



Mynd 36. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað sveppi (sem vímuefni) einu sinni eða oftár um ævina, árin 2004 til 2006.



Mynd 37. Hlutfall nemenda í 10. bekk sem hafa notað E-töflu einu sinni eða oftár um ævina, árin 2004 til 2006.

Félagslegir þættir


Hér að framan hafa niðurstöður verið raktar í tengslum við neyslu nemenda í 8., 9. og 10. bekk á tóbaki, áfengi og öðrum vímuefnum. Fram kemur að þróunin er sú í flestum tilfellum sú að dregið hefur úr vímuefnaneyslu nemenda frá árinu 1998 á landsvísu.

Rannsóknir undanfarinna ára og áratuga hafa sýnt fram á tengsl milli félagslegrar stöðu barna og ungmenna og vímuefnaneyslu.² Þannig skiptir miklu máli að ungmenni séu í góðum tengslum við sína nánustu, að þeim líði vel í skólanum og að þau séu virk í tólmundastarfi. Í þessum hluta skýrslunnar verður sjónum beint að þessum félagslegu þáttum. Líkt og í fyrri hlutanum er samanburður við nemendur sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild.


Áður en þær niðurstöður eru settar fram er fróðlegt að skoða myndrænt niðurstöður fyrir neyslu nemenda í 10. bekk grunnskólum landsins á tóbaki, áfengi og hassi. Ef við skoðum fyrst þá sem neyta slíkra vímuefna má sjá (mynd 38) að töluvert hefur dregið hefur úr slíkri vímuefnanotkun frá því að reglulegar mælingar hófust. Þó sér í lagi ef mið er tekið af árinu 1998 fram til dagsins í dag. Í öllum tilvikum er þróunin sú að hlutfall þeirra nemenda sem nota þessi tilteknu vímuefni hefur lækkað umtalsvert.

Það er líka hægt að snúa dæminu við og setja niðurstöður fram þannig að eingöngu er horft til þeirra sem ekki hafa notað þessi vímuefni. Mynd 39 sýnir hlutfall nemenda í 10. bekk grunnskólum landsins, sem ekki reykja daglega, hafa ekki orðið ölvuð sl. 30 daga frá könnun og hafa aldrei notað hass. Það hlutfall hefur þannig hækkað jafnt og þétt frá því að kannanirnar hófust og nú árið 2006 eru það um 88% nemenda í 10. bekk sem reykja ekki eða minna en eina sígarettu á dag, 75% sem höfðu ekki orðið ölvuð 30 daga fyrir könnun og 91% sem hafa aldrei notað hass.

² Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson, 1998; Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 1999.



Mynd 38. Þróun vímuefnaneyslu unglunga í 10. bekk á Íslandi árin 1997 til 2006.



Mynd 39. Hlutfall nemenda í 10. bekk á Íslandi sem reykja ekki eða minna en eina sígarettu á dag, hafa ekki orðið ölvuð sl. 30 daga og hafa aldrei notað hass, árin 1997 til 2006.

Samvera foreldra og unglunga

Mikilvægi sterkra tengsla milli unglunga og foreldra þeirra verða seint ofmetin. Niðurstöður fjölmargra rannsókna bera með sér að samvistartími og samvera unglunga með foreldrum og fjölskyldu hafi margvísleg jákvæð áhrif í lífi þeirra³. Rannsóknir hafa sýnt að umhyggja foreldra og eftirlit þeirra með unglungum tengist minni líkum á vímuefnanotkun unglunga⁴. Unglingar sem eru alla jafna undir eftirliti foreldra sinna, fá mikinn stuðning frá þeim og verja miklum tíma með þeim eru ólíklegri en aðrir unglingar til að eignast vini sem hafa neikvæð áhrif í lífi þeirra og þeir eru einnig líklegri en aðrir unglingar til að standast hópprýsting jafnaldranna en þeir sem hafa veikari tengsl við foreldra sína⁵. Enn fremur hafa rannsóknir sýnt að jákvæð tengsl séu milli stuðnings og aðhalds foreldra og námsárangurs unglunga⁶. Unglingar sem eiga í sterkum, jákvæðum tengslum við foreldra sína eru alla jafna líklegri til að ganga betur í skóla en þeir sem eiga í síðra sambandi við foreldra sína og þeir eru einnig líklegri til að líða vel í skólanum. Þess utan hafa rannsóknir sýnt að unglingar sem eru í nánnum tengslum við foreldra sína eru ólíklegri en aðrir unglingar til að eiga við margvísleg sálræn og félagsleg vandamál að stríða⁷. Foreldrar veita því unglungum mikilvægt félagslegt taumhald sem nær út fyrir eiginlegar samverustundir foreldra og unglunga.

Ef byrjað er á því að skoða hversu oft nemendur í 9. og 10. bekk grunnskólum landsins eru með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum (mynd 40) og þær niðurstöður greindar eftir kyni má sjá að árið 2003 svöruðu um 47% stráka á Fljótsdalshéraði því til að þeir væru oft eða nær alltaf með foreldrum utan skólatíma á virkum dögum. Það ár var hlutfallið töluvert hærra meðal stráka á Fljótsdalshéraði en meðal stráka á höfuðborgarsvæðinu (31%) og á landinu öllu (33%). Árið 2006 kveður við allt annan tón og er hlutfall þeirra stráka á Fljótsdalshéraði sem svara á þennan hátt komið niður í 13% og er þannig mikið lægra en kemur fram hjá strákum á höfuðborgarsvæðinu (31%) og á landinu í heild (32%). Aðrar niðurstöður koma

³ Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2005, Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl. 2003, Coleman, 1988, Agnew, 1991, Warr, 1993, Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998, Pong o.fl. 2005, Davis-Kean 2005.

⁴ Barnes og Farell, 1992, Svensson, 2003, Borawski o.fl. 2003.


⁵ Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998, Svensson 2003.

⁶ Aunola o.fl. 2000, Sheldon og Epstein, 2005, Inga Dóra Sigfúsdóttir 1999.


⁷ Þórólfur Þórlindsson og Rúnar Vilhjálmsson 1991, Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2004.

fram þegar litið er til stelpnanna. Árið 2003 svöruðu umtalsvert færri stelpur á Fljótsdalshéraði, miðað við samanburðarhópana, því til að þær væru oft eða nær alltaf með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum, eða 21% á móti 36-37% á öðrum svæðum. Árið 2006 sýna niðurstöður aftur á móti að hlutfallið hefur hækkað umtalsvert meðal stelpna á Fljótsdalshéraði og er það nú 35%.

Þá voru nemendur spurðir að því hversu oft þau væru með foreldrum sínum utan skólatíma um helgar. Mynd 41 sýnir niðurstöður þeirrar spurningar fyrir árin 2003 og 2006, greindar eftir kyni og svæðum. Athygli vekur að líkt og með samvistir utan skólatíma á virkum dögum þá hefur hlutfallið meðal stráka á Fljótsdalshéraði lækkað milli áranna. Þannig sögðust um 40% stráka á Fljótsdalshéraði vera oft eða nær alltaf með foreldrum sínum um helgar árið 2003, en árið 2006 var hlutfallið 22% sem er jafnframt mun lægra en kemur fram hjá samanburðarhópunum, þar sem það er 38%. Hvað stelpurnar á Fljótsdalshéraði varðar þá hefur hlutfallið staðið í stað milli ára. Árið 2006 sögðust um 32% vera oft eða nær alltaf með foreldrum sínum um helgar, það sama og niðurstöður sýndu árið 2003. Hlutfall stelpna á Fljótsdalshéraði er þannig mjög svipað og kemur fram meðal stelpna í samanburðarhópunum, þar sem 35% stelpna svara því til árið 2006.



Mynd 40. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum 2003 og 2006.




Mynd 41. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum utan skólatíma um helgar, 2003 og 2006.

Eftirlit og stuðningur foreldra


Árið 2006 sögðust um 46% stráka og 65% stelpna í 9. og 10. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs að það ætti mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra setji ákveðnar reglur um hvað þau megi gera utan heimilis (mynd 42). Hvað strákana varðar þá er hlutfallið meðal stráka á höfuðborgarsvæðinu (53%) og á landinu í heild (51%). Hlutfall meðal stelpna á höfuðborgarsvæðinu er (61%) og á landsvísu (59%).

Þegar niðurstöður eru skoðaðar um hversu vel það á við um nemendur í 9. og 10. bekk grunnskólanna að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þau eru á kvöldin má sjá (mynd 43) að árið 2006 á slíkt við um 52% stráka á Fljótsdalshéraði. Hér kemur fram nokkur munur á milli stráka á Fljótsdalshéraði annars vegar og stráka í samanburðarhópunum hins vegar, á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallið 63% og á landsvísu um 60%. Þegar litið er á niðurstöður fyrir stelpur á Fljótsdalshéraði má sjá að árið 2006 segjast um 65% þeirra að það eigi mjög eða frekar vel við um þær að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þær eru á kvöldin, á meðan 76% á höfuðborgarsvæðinu og 74% á landinu í heild svarar því til það ár.


Þegar niðurstöður eru skoðaðar fyrir hversu vel nemendur telja að það eigi við um þá að foreldrar þeirra viti hvar þau eru á kvöldin má sjá (mynd 44) að 61% stráka og 76% stelpna á Fljótsdalshéraði svöruðu því til árið 2006, að slíkt ætti mjög eða frekar vel við um þau. Hér sýna niðurstöður einnig að hlutfallið fyrir stráka og stelpur á Fljótsdalshéraði er lægra en kemur fram meðal nemenda í samanburðarhópunum þar sem 69% stráka á höfuðborgarsvæðinu og 67% á landinu í heild segja það slíkt eigi mjög vel við um þá og 83% stelpna á höfuðborgarsvæðinu og 81% á landinu í heild segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þær að foreldrar þeirra viti hvar þær eru á kvöldin.



Mynd 42. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldra þeirra setji ákveðnar reglur um hvað þau megi gera utan heimilis, árið 2006.



Mynd 43. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þau eru á kvöldin, árið 2006.



Mynd 44. Hlutfall nemenda stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra viti hvar þau séu á kvöldin, árið 2006.


Útivistartími

Ef litið er til þessu hversu algengt það er að nemendur séu úti eftir klukkan 10 að kvöldi má sjá (mynd 45) að mikill meirihluti þeirra segist hafa verið úti einu sinni eða oftár sem því nemur síðastliðna 7 daga fyrir könnun. Á það við alla hópa óháð búsetu og kyni.


Þannig segjast árið 2006 um 77% stráka og 84% stelpna á Fljótsdalshéraði að þau hafi verið úti eftir 10 að kvöldi einu sinni eða oftár síðastliðna 7 daga. Hlutfallið er svipað og kemur fram meðal nemenda á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild.

Ef litið er til þess hversu hátt hlutfall nemenda var úti fram yfir lögboðinn útivistartíma þrisvar sinnum eða oftár síðastliðna 7 daga fyrir könnun má sjá að hlutfall stelpna og stráka á Fljótsdalshéraði sem svara því til hækkar töluvert milli árána 2003 og 2006. Árið 2003 svöruðu um 20% stráka og 29% stelpna á Fljótsdalshéraði því til. Árið 2006 var hlutfallið komið upp í 57% hjá strákunum og 46% meðal stelpna. Ef litið er til niðurstaðna fyrir nemendur í samanburðarhópunum má sjá að hlutfallið árið 2006 er 40% meðal strákanna og 41-42% hjá stelpum.


Þegar nemendur voru spurðir að því hversu oft þeir hafi farið út og komið heim eftir miðnætti einu sinni eða oftár síðastliðna sjö daga má sjá að slíkt á við um 67% stráka og 57% stelpna á Fljótsdalshéraði árið 2006 (mynd 47). Hér sýna niðurstöður fyrir Fljótsdalshérað að hlutfallið hefur hækkað töluvert milli árána 2003 og 2006. Að sama skapi má sjá að hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs er mun hærra en kemur fram meðal nemenda í samanburðarhópunum og þá sér í lagi hvað varðar strákana.



Mynd 45. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast hafa verið úti eftir klukkan tíu að kvöldi, einu sinni eða oftar sl. 7 daga 2003 og 2006.



Mynd 46. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast hafa verið úti eftir klukkan tíu að kvöldi, þrisvar sinnum eða oftar sl. 7 daga 2003 og 2006.



Mynd 47. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segjast hafa farið út og komið heim eftir miðnætti, einu sinni eða oftár sl. 7 daga, árin 2003 og 2006.

Nám og skóli

Sýnt hefur verið fram á að tengsl unglunga við skólann og líðan þeirra í honum séu mikilvægir þættir fyrir almenna líðan þeirra⁸. Í nútíma samfélagi er námsárangur sífellt mikilvægari þáttur í velferð og vegsemd einstaklinga. Það er því mikilvægt að unglingum, stelpum jafnt sem stráku, líði vel í skólanum sínum og að þeir tengist honum og náminu sjálfu sterkum böndum. Niðurstöður rannsókna benda til að skuldbinding unglunga við nám og skóla hafi mikilvæg og jákvæð áhrif á þá og dragi úr líkum á áhættuhegðun, svo sem vímuefnaneyslu⁹ og ofbeldishegðun¹⁰. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að nemendur sem eru jákvæðir gagnvart skólanum og líður vel í honum eru alla jafna líklegri en aðrir nemendur til að leggja á sig það sem þarf til að gera vel í námi sínu¹¹.

Nemendur voru beðnir um að svara spurningum er snertu líðan þeirra og samskipti í skólanum ásamt spurningum um viðhorf þeirra til náms síns. Þegar spurt var hvort nemendum þætti nám sitt vera tilgangslaust má greina mun á milli árána 2003 og 2006. Ef lítið er sérstaklega til stráka á Fljótsdalshéraði kemur fram önnur mynd en meðal stráka í samanburðarhópnum. Þannig þótti hlutfallslega fleiri strákum námið vera oft eða nær alltaf tilgangslaust árið 2006 en niðurstöður sýndu árið 2003 (sjá mynd 48). Árið 2003 fannst um 7% stráka á Fljótsdalshéraði það eiga oft eða nær alltaf við um sig að námið væri tilgangslaust en árið 2006 var hlutfallið komið upp í 13% á meðan hlutfallið lækkaði milli þessara ára meðal stráka á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild. Stelpurnar eru síður líklegri til að telja námið vera oft eða nær alltaf tilgangslaust. Hvað stelpur á Fljótsdalshéraði varðar þá koma fram miklar breytingar milli árána 2003 og 2006. Árið 2003 sögðu 11% stelpna að þeim þætti námið oft eða nær alltaf tilgangslaust en árið 2006 var hlutfallið komið niður í 3% meðal stelpna á Fljótsdalshéraði.

Þegar lítið er til þess hvernig nemendum líður í skólanum kemur fram að mikill meirihluti nemenda segir að sér líði vel. Þó sögðu árið 2006 um 13%

⁸ Coleman, 1988, Hirchi, 1969.

⁹ Ingibjörg Kaldalóns, 1996, Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl. 2003.

¹⁰ Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl. 2003.

¹¹ Sanders, 1998.

stráka á Fljótsdalshéraði að sér liði oft eða nær alltaf illa í skólanum (mynd 49). Þetta er þó lægra hlutfall en kom fram árið 2003, þegar slíkt átti oft eða nær alltaf við um 20% stráka þar. Ef litið er til stráka á öðrum svæðum þá hefur hlutfallið lækkað meira á milli þessara ára, á höfuðborgarsvæðinu, úr 13% í 6% og á landinu í heild, úr 14% í 7%. Hvað stelpurnar á Fljótsdalshéraði varðar þá sagði engin þeirra að það ætti oft eða nær alltaf við um þeir að líða illa í skólanum á meðan hlutfallið var 11% árið 2003.

Þá voru nemendur spurðir að því hversu oft það ætti við um að þá langaði að hætta í skólanum. Á mynd 50 má sjá að hlutfallið hefur hækkað milli áranna 2003 og 2006 hjá strákum á Fljótsdalshéraði, andstætt því sem kemur fram hjá strákum á öðrum svæðum. Þannig sögðu árið 2003 um 13% stráka á Fljótsdalshéraði að það ætti oft eða nær alltaf við um þá á meðan 16% svara því til árið 2006. Hvað stelpurnar varðar þá átti slíkt við um 15% árið 2003 en árið 2006 svara 3% þeirra því til og er hlutfallið jafnframt mun lægra meðal stelpna í samanburðarhópunum.


Þegar niðurstöður spurningar er lýtur að samskiptum nemenda við kennara sína eru skoðaðar má sjá að árið 2006 sögðu um 11% stráka á Fljótsdalshéraði að það ætti oft eða nær alltaf við um þá að sér semji illa við kennarann sinn (mynd 51). Þá svara 5% stelpna í sveitarfélaginu því til. Hlutfallið er svipað hjá strákunum og stelpum á Fljótsdalshéraði og niðurstöður sýna fyrir nemendur í samanburðarhópunum.

Í könnuninni voru nemendur sérstaklega beðnir um að líta til framtíðar og þeir spurðir um framtíðaráform sín varðandi frekari menntun (mynd 52). Í ljós kemur að ef litið er til heildarniðurstaðna þá ætla mikill meirihluti nemenda sér í frekara nám að loknum grunnskóla. Niðurstöður fyrir stráka á Fljótsdalshéraði sýna 78% þeirra ætla í mennta- eða framhaldsskóla að loknu núverandi námi, svipað hlutfall og kemur fram meðal stráka í samanburðarhópunum. Niðurstöður sýna að stelpur á Fljótsdalshéraði eru líklegri en stelpur á öðrum svæðum til að ætla í iðn- eða verknáms (19%) miðað við stelpur á höfuðborgarsvæðinu (7%) og á landinu í heild (8%).

Þá voru nemendur spurðir að því hversu líklegt væri að þeir færu í nám á háskólastigi. Meirihluti taldi það vera mjög eða frekar líklegt (sjá mynd 53). Þannig segjast um 64% stráka á Fljótsdalshéraði að það sé mjög eða frekar


líklegt að þau fari í nám á háskólastigi í samanburði við 72% stráka á höfuðborgarsvæðinu og 67% stráka á landinu í heild. Hvað stelpur á Fljótsdalshéraði varðar þá töldu um 73% þeirra að það væri mjög eða frekar líklegt að þær færu í nám á háskólastigi á meðan slíkt á við um 80% stelpna á höfuðborgarsvæðinu og 77% á landsvísu.

Mikilvægi náms




Mynd 48. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um þau að finnast námið tilgangslaust, árin 2003 og 2006.

Líðan í skóla




Mynd 49. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um sig að líða illa í skólanum, árin 2003 og 2006.




Mynd 50. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um sig að langa til að hætta í skólanum, árin 2003 og 2006.

Samskipti við kennara




Mynd 51. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segja það oft eða nær alltaf eiga við um sig að semja illa við kennarana, árin 2003 og 2006.

Samskipti við kennara



Mynd 52. Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem ætla í framhaldsskóla (mennta-fjölbrautar, ið- eða verknám) að loknu núverandi námi, árið 2006.



Mynd 53. Hversu líklegt finnst þér að þú farir í nám á háskólastigi? – Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk, árið 2006.

Íþróttta- og tómstundaiðkun

Fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós að iðkun íþróttta og líkamsræktar sé holl og góð fyrir ungt fólk og unglinga. Iðkun íþróttta og reglulegrar hreyfingar tengist líkum á áhættuhegðun með neikvæðum hætti. Hafa rannsóknir sýnt að regluleg íþróttaiðkun og þjálfun líkamans eru dæmi um heilsusamlegan lífsstíl sem dregur úr líkum á því að unglingar tileinki sér þá lífnaðarhætti sem fylgja notkun vímuefna¹². Rannsóknir hafa einnig sýnt að íþróttir sem eru stundaðar undir eftirliti hefðbundinna ábyrgra aðila, svo sem íþróttþjálfara eða leiðbeinanda, draga enn frekar úr líkum á áhættuhegðun eins og neyslu vímuefna¹³. Ýmsar aðrar rannsóknir hafa gefið til kynna að íþróttaiðkun, hreyfing og heilsurækt hafi margvísleg önnur jákvæð áhrif í lífi unglinga. Til að mynda hefur verið sýnt fram á að hreyfing og þjálfun líkamans tengist námsárangri með jákvæðum hætti¹⁴, hafi jákvæð áhrif á mataræði¹⁵ og sjálfstraust¹⁶. Þá sýna rannsóknir að íþróttir og hreyfing dragi úr líkum á offitu¹⁷, og hafi jákvæð áhrif á svefn og svefnvenjur meðal unglinga¹⁸. Engum blöðum er því um það að fletta að íþróttaiðkun og annars konar líkamleg hreyfing hefur margvísleg jákvæð áhrif á líf og líðan barna og unglinga.

Ef byrjað er á því að skoða hversu algeng íþróttaiðkun með íþróttafélagi er, má sjá (mynd 54) að árið 2006 sögðust um 28% stráka og 16% stelpna í 9. og 10. bekk grunnskólum Fljótshéraðs æfa einu sinni til þrisvar sinnum í viku. Hér er um að ræða töluverða lækkun á milli árána 2003 og 2006 hvað nemendur á Fljótshéraði varðar en árið 2003 sögðust um 39% stráka og 38% stelpna stunda íþróttir 1 sinni til 3 sinnum í viku. Ef niðurstöður ársins í ár eru bornar saman við önnur svæði er hlutfallið hjá nemendum á Fljótshéraði er nokkuð hærra hvaða strákana varðar en á höfuðborgarsvæðinu (17%) og á landsvísu (20%), en svipað þegar litið er til niðurstaðna fyrir stelpurnar.

¹² Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998, Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl. 2003. Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1994.

¹³ Moore og Werch, 2005.

¹⁴ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2006.

¹⁵ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2006, Pate o.fl. 2000,

¹⁶ Tremblay o.fl. 2000, Allegrante 2004.


¹⁷ Allegrante, 2004, Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2006, Taras og Potts-Datema, 2005a.

¹⁸ Taras og Potts-Datema, 2005b.


Það kemur í ljós að þegar niðurstöður fyrir íþróttaiðkun með íþróttafélagi árið 2006 eru greindar eftir því hvort nemendur æfa eða keppa fjórum sinnum í viku eða oftar, að hlutfallið meðal stelpna á Fljótsdalshéraði er lægra en kemur fram hjá stelpum í samanburðarhópunum. Þannig sýna niðurstöður að um 19% stelpna í 9. og 10. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs segjast stunda íþróttir sem því nemur á meðan 27% stelpna á höfuðborgarsvæðinu og 28% á landinu í heild svara því til. Hvað strákana á Fljótsdalshéraði varðar þá stunda 40% þeirra íþróttir fjórum sinnum í viku eða oftar árið 2006, svipað og kemur fram hjá strákum á höfuðborgarsvæðinu (37%) og á landinu í heild (36%). Hér veður einnig athygli að hlutfall nemenda sem æfa fjórum sinnum í viku eða oftar hefur aukist milli ára 2003 og 2006 og á það við um alla hópana.

Þá voru nemendur spurðir að því hvort þeir tækju þátt í skipulögðu tómstundastarfi vikulega eða oftar. Á mynd 56 má sjá að um 69% stráka á Fljótsdalshéraði sögðust taka þátt í slíku tómstundastarfi, sem er töluvert hærra en kemur fram á höfuðborgarsvæðinu (41%) og á landsvísi (46%). Stelpur í 9. og 10. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs (61%) taka jafnframt hlutfallslega mun frekar þátt í skipulögðu tómstundastarfi vikulega eða oftar miðað við stelpur á höfuðborgarsvæðinu (40%) og á landinu í heild (45%).


Íþróttaiðkun með íþróttafélagi



Mynd 54. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segjast stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi 1 sinni til 3 sinnum í viku, árin 2003 og 2006.



Mynd 55. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem segjast stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi 4 sinnum í viku eða oftar, árin 2003 og 2006.



Mynd 56. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk árið 2006 sem segjast taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi vikulega eða oftar.

Viðhorf til nýbúa


Í þessum kafla má sjá svör nemenda í 9. og 10. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs við spurningum um viðhorf til nýbúa.

Á mynd 57 má sjá að árið 2003 voru um 47% stráka á Fljótsdalshéraði mjög eða frekar sammála því að of margir nýbúar væru búsettir hér á landi. Niðurstöður sýna að árið 2006 lækkar hlutfallið lítið þar sem um 42% stráka eru mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu. Þó stelpur á Fljótsdalshéraði séu síður líklegar til að vera sammála fullyrðingunni en strákar þá hefur hlutfallið hækkað mikið á milli árána 2003 og 2006. Þannig sögðust um 14% þeirra vera sammála því að of margir nýbúar séu búsettir hér á landi árið 2003 en þremur árum síðar er hlutfallið komið upp í 25%.

Ef lítið er til þess hvort nemendur á Fljótsdalshéraði séu sammála eða ósammála þeirri fullyrðingu að áhrif menningar nýbúa hafi jákvæð áhrif á íslenskt samfélag má sjá (mynd 58) að árið 2003 voru 13% stráka ósammála þeirri fullyrðingu á meðan það átti við um 4% stelpna. Árið 2006 er hlutfallið aftur á móti komið 18% meðal stráka og 3% meðal stelpna, en mun hærra hlutfall tekur ekki beina afstöðu til spurningarinnar árið 2006 í samanburði við niðurstöður árið 2003.


Þegar nemendur voru spurðir árið 2003, hvort nýbúar ættu að hafa sömu réttindi og aðrir Íslendingar var meirihluti þeirra sammála fullyrðingunni (sjá mynd 59). Niðurstöður fyrir árið 2006 sýna svipaða mynd en hlutfallið hefur þó lækkað milli árána. Þannig sögðust um 59% stráka að þeir séu mjög eða frekar sammála því að nýbúar eigi að hafa sömu réttindi og aðrir Íslendingar árið 2006, á meðan 25% stráka taka ekki beina afstöðu og 16% eru ósammála. Hvað stelpurnar varðar þá hefur hlutfall þeirra stelpna sem eru sammála lækkað lítillega milli árána og segjast nú um 58% þeirra vera mjög eða frekar sammála, á meðan 6% eru ósammála fullyrðingunni og 36% taka ekki beina afstöðu.

Of margir nýbúar eru búsettir hér á landi?




Mynd 57. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Fljótsdalshéraði eftir því hve sammála þau eru því að of margir nýbúar séu búsettir hér á landi, árin 2003 og 2006.

Áhrif menningar nýbúa á íslenskt samfélag



Mynd 58. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Fljótsdalshéraði eftir því hve sammála þau eru því að sú menning sem fylgi nýbúum hafi jákvæð áhrif á íslenskt samfélag, árin 2003 og 2006.

Réttindi nýbúa



Mynd 59. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Fljótsdalshéraði eftir því hve sammála þau eru því að nýbúar eigi að hafa sömu réttindi og aðrir Íslendingar, árin 2003 og 2006.


Viðhorf til heimabyggðar og framtíðarhorfur

Árið 2006 sýna niðurstöður að viðhorf stelpna og stráka á Fljótsdalshéraði til bæjarfélags síns virðist vera nokkuð svipað, þó greina megi mun í sumum spurningum. Þannig má sjá að um 74% stráka og 68% stelpna í 9. og 10. bekk grunnskólum Fljótsdalshéraðs eru mjög eða frekar sammála því að félagslífið sé gott í þeirra bæjarfélagi (sjá mynd 60).


Mikill meirihluti allra nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla landsins er mjög eða frekar sammála því að það sé mjög gott að búa í þeirra bæjarfélagi. Niðurstöður sýna sama hlutfall hjá strákum og stelpum á Fljótsdalshéraði, eða sem svarar til 95%. Að sama skapi sýna niðurstöður að nemendur á Fljótsdalshéraði eru líklegri til að vera sammála því að það sé mjög gott að búa í þeirra sveitarfélagi, þó munurinn sé ekki mikill (mynd 61).

Á mynd 62 má sjá að um 44% stráka og 51% stelpna í grunnskólum Fljótsdalshéraðs eru mjög eða frekar sammála því að þau vilji í framtíðinni búa áfram í því sveitarfélagi sem þau búa í nú. Þessar niðurstöður sýna að stelpur og strákar á Fljótsdalshéraði eru hlutfallslega síður sammála því að þau vilji áfram búa í því sveitarfélagi sem þau búa í nú.


Viðhorf til heimabyggðar



Mynd 60. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem eru mjög eða frekar sammála því að það sé mikið og gott félagslíf í þeirra sveitarfélagi, árið 2006.



Mynd 61. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem eru mjög eða frekar sammála því að það sé mjög gott að búa í þeirra sveitarfélagi, árið 2006.




Mynd 62. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem eru mjög eða frekar sammála því að í framtíðinni vilji þau búa áfram í því sveitarfélagi sem þau búa í nú, árið 2006.


Öryggiskennd

Í könnuninni nú í ár voru nemendur spurðir um hvort þeir teldu sig vera örugga eða óörugga væru þeir einir á gangi um kvöld í nágrenni við heimili sitt, sem og um kvöld um helgi í miðborg Reykjavíkur. Ef við skoðum fyrst niðurstöður spurningarinnar er lýtur að þeirra eigin nágrenni, má sjá að mikill meirihluti nemenda í 9. og 10. bekk telur sig vera mjög eða frekar öruggan. Þannig telja um 93% strákar og 78% stelpna í 9. og 10. bekk grunnskólum Fljótsdalshérað sig vera örugg ein að gangi um kvöld í nágrenni við heimili sitt. Hlutfallið er það sama eða mjög svipað ef litið er til öryggistilfinningar nemenda sem búa á höfuðborgarsvæðinu og á landinu í heild (sjá mynd 63).

Önnur mynd kemur fram þegar litið er til þess hvort nemendur telji sig vera örugga eina á gangi að kvöldlagi um helgi í miðborg Reykjavíkur, sér í lagi ef litið er til mismunandi afstöðu kynja (mynd 64). Þannig eru það einungis um 8% stelpna á Fljótsdalshéraði og um fjórðungur stelpna á öðrum svæðum sem segjast vera mjög eða frekar öruggar einar á gangi um kvöld um helgi í miðborg Reykjavíkur. Strákarnir eru töluvert öruggari en þó er það innan við helmingur stráka á Fljótsdalshéraði, eða 48%, 59% á höfuðborgarsvæðinu og 56% á landinu í heild segist vera mjög eða frekar öruggir einir á gangi um kvöld um helgi í miðborg Reykjavíkur.



Mynd 63. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem telja sig mjög eða frekar örugga þegar þau eru ein að gangi um kvöld í nágrenni við heimili sitt, árið 2006.



Mynd 64. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk sem telja sig mjög eða frekar örugga ef þau eru ein að gangi um kvöld um helgi í miðborg Reykjavíkur, árið 2006.


Heimildir

- Agnew, R. (1991). A longitudinal test of social control theory and delinquency. *Journal of Research in Crime and Delinquency*, 28, 126-156.
- Allegrante, J.P. (2004). Unfit to Learn. *Education Week*, 24, 38-40.
- Aunola, K., Stattin, H. og Nurmi, J.E. (2000). Parenting styles and adolescents' achievement strategies. *Journal of Adolescence*, 23, 205-222.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Silja Björk Baldursdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2005). *Ungt fólk 2004: Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Barnes, G.M. og Farrell, M.P. (1992). Parental support and control as predictors of adolescent drinking, delinquency, and related problem behaviors. *Journal of Marriage and the Family*, 54, 763-776.
- Borawski, E.A., Ievers-Landis, C.E., Lovegreen, L.D. og Trapl, E.S. (2003). Parental Monitoring, Negotiated Unsupervised Time, and Parental Trust: The Role of Perceived Parenting Practices in Adolescent Health Risk Behaviors. *Journal of Adolescent Health*, 33, 60-70.
- Coleman, J. (1988). Social Capital in the Creation of Human Capital. *American Journal of Sociology*, 94, 95-120.
- Davis-Kean, P.E. (2005). The Influence of Parent Education and Family Income on Child Achievement: The Indirect Role of Parental Expectations and the Home Environment. *Journal of Family Psychology*, 19, 294-304.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, og Allegrante, J.P. (2006). Health behaviour and academic achievement in Icelandic school children. *Health Education Research*, 9. júní (sótt á Epub fyrir prentun).
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Farkas, G. og Silver, E. (2004). The Role of Depressed Mood and Anger in the Relationship Between Family Conflict and Delinquent Behavior. *Journal of Youth and Adolescents*, 33, 509-522.
- Ingibjörg V. Kaldalóns (1996). *Vímuefnaneysla íslenskra unglunga*. Óbirt M.A. ritgerð.
- Hera Hallbera Björnsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon (2003). *Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun íslenskra unglunga*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Hirschi, T. (1969). *Causes of delinquency*. Berkley: University of California Press.
- Moore, M.J. og Werch, C.E.C. (2005). Sport and physical activity participation, and substance use among adolescents. *Journal of Adolescent Health*, 36, 486-493.


- Pate, R.R., Trost, S.G., Levin, S. og Dowda, M. (2000). Sports participation and health-related behaviors among US youth. *Archives of Pediatrics & Adolescent Medicine*, 154, 904-911.
- Pong, S., Hao, L., og Gardner, E. (2005). The Roles of Parenting Styles and Social Capital in the School Performance of Immigrant Asian and Hispanic Adolescents. *Social Science Quarterly*, 86, 928-950.
- Sanders, M.G. (1998). The effects of school, family and community support on the academic achievement of African American adolescents. *Urban Education*, 33, 385-409.
- Svensson, R. (2003). Gender differences in adolescent drug use – The impact of parental monitoring and peer deviance. *Youth & Society*, 34, 300-329.
- Taras, H. og Potts-Datema, W. (2005a). Obesity and student performance at school. *Journal of School Health*, 75, 291-295.
- Taras, H. og Potts-Datema, W. (2005b). Sleep and student performance at school. *Journal of School Health*, 75, 248-254.
- Tremblay, M.S., Inman, J.W. og Willms, J.D. (2000). The relationship between physical activity, self-esteem, and academic achievement in 12-year-old children. *Pediatrics Exercise Science*, 12, 312-323.
- Warr, M. (1993). Age, peers and delinquency. *Criminology*, 31, 17-40.
- Þóroddur Bjarnason og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (1999). Þróun vímuefnaneyslu íslenskra unglunga: Yfirlit yfir niðurstöður íslenskra rannsókna á vímuefnaneyslu nemenda í 10. bekk grunnskóla 1995-1999. Reykjavík: Rannsóknir & greining.
- Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson. (1998). Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
- Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (1994). Um gildi íþróttar fyrir íslensk ungmenni. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Þórólfur Þórlindsson og Rúnar Vilhjálmsson (1991). Factors related to cigarette smoking and alcohol use among adolescents. *Adolescence*, 26, 399-418.

Viðauki


Viðhorf til nýbúa



Mynd 65. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Fljótshálsa og landinu í heild, eftir því hve sammála þau eru því að of margir nýbúar séu búsettir hér á landi, árið 2006.




Mynd 66. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Fljótshálsa og á landinu í heild, eftir því hve sammála þau eru því að sú menning sem fylgi nýbúum hafi jákvæð áhrif á íslenskt samfélag, árið 2006.



Mynd 67. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Fljótshálsa og á landi í heild, eftir því hve sammála þau eru því að nýbúar eigi að hafa sömu réttindi og aðrir Íslendingar, árið 2006.

Umhyggja og hlýja frá foreldrum



Mynd 68. Hlutfall stelpna og stráka í 9. og 10. bekk á Fljótsdalshéraði og landinu í heild, eftir því hversu auðvelt eða erfitt þau eiga með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum, árið 2006.